



Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

***Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa heilsueflingu fyrir eldri íbúa í Reykjavík***

Á fundi menningar-, íþróttar og tómstundaráðs 23. maí 2022 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 6. maí 2022 þar sem vísað var til meðferðar ráðsins eftirfarandi tillögu:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Reykjavíkurborg bjóði íbúum yfir 65 ára að taka þátt í markvissri heilsueflingu. Velferðarsvið í samráði við öldungaráð Reykjavíkurborgar fái það hlutverk að kanna hvort framkvæmdin skuli vera í samstarfi við íþróttafélögin í borginni eða sjálfstætt starfandi fagaðila.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð vísaði tillögunni til umsagnar hjá ÍTR.

Á vegum ÍTR og íþróttafélaganna í Reykjavík er mikið framboð til heilsueflingar fyrir eldri íbúa borgarinnar. Nú þegar er boðið uppá sundleikfimi í sex sundlaugum borgarinnar, alls 18 kennslutímar á viku. Einnig er í boði leikfimi á vegum ÍTR hjá Víkingi í Víkinni tvisvar í viku. Vítamín í Val einu sinni í viku, Kraftur í KR tvisvar í viku, Betri borgarar Fylkis tvisvar sinnum í viku, Korpúlfr í Fjölni tvisvar sinnum í viku í Egilshöll, jafnframt er opið fyrir göngufólk alla daga. Leikfimi í Íþróttamiðstöð ÍR og Íþróttamiðstöð Ármanns tvisvar í viku. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 er ekki sérstök fjárveiting í frekari heilsueflingu fyrir eldri íbúa í Reykjavík en þegar er í boði.

Vert er að geta þess einnig að einkaaðilar svo sem líkamsræktarstöðvar eru einnig að þjónusta eldri borgara vel með ýmsum námskeiðum og leiðbeiningum.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson,  
starfandi sviðsstjóri ÍTR.